

77. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn þriðjudaginn 31. ágúst 2010 kl.16-17 á veitingarstaðnum Kaffitári í Borgartúninu.

Mætt: Ásdís Ólafsdóttir, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, Lárus Valgarðsson, Sigríður Baldursdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Hildur Gestsdóttir og Ragna Karlsdóttir.

Kolaport

Ásdís er búin að fá bás fyrir Alnæmisbörn í Kolaportinu sunnudaginn 5. september. Ákveðið að skrifa til félagsmanna, segja þeim frá sölunni og hvetja þá til að taka þátt. Annars ætla Ásdís og Sigurlaug að mæta kl. 9:30 með fullt af fötum frá þremur stöðum. Hildur kemur með fót frá þeim fjórða. Ásdísi er falið að setja upp vaktaplan eftir að búið er að hafa samband við Hildi. Lögð verður áhersla á að hafa fötin sem ódýrust. Hildur ætlar að koma með plakat. Ásdís og Sigurlaug koma með herðatré, dúk, plastpoka, kolla, skiptimynt, túss og aðra slíka hluti sem nauðsynlegt er að hafa á staðnum.

Styrkir frá AlheimAuði

Síðastliðið voru fengu Alnæmisbörn tvo styrki úr sjóðnum AlheimsAuður, samfélagssjóði AuðarCapital. Annars vegar var veittur styrkur að upphæð kr. 500.000 til þess að kosta almenna skólagöngu fleiri ungra, bágstaddra stúlkna en fyrir er á CLF, og hins vegar var veittur styrkur að upphæð kr. 200.000 til smálánasjóðs CLF. Styrkirnir voru afhentir á formlegri athöfn í Ásmundasafni þann 19. júní síðastliðinn, sjá vefslóðina http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2010/06/21/samfelagssjodir_audar_capital_veita_styrki/ Við styrkveitinguna var sagt frá starfi Erlu Halldórsdóttur, stofnanda Candle Light Foundation. Í framhaldi af ahendingu styrkjanna birtist viðtal við Hildi Gestsdóttur, dóttur Erlu og varaformanns Alnæmisbarna, í Fréttablaðinu 3. júlí 2010 sem sjá má á vefslóðinni http://epaper.visir.is/media/201007030000/pdf_online/1_20.pdf.

Um 70 stúlkur eru nú á biðlista til að komast að á CLF, þarf því að finna út hvernig þessarri aukafjárveitingu upp á kr. 500.000,- er best varið. Það kostar um kr. 90.000,- ár hvert að styðja við eina stúlkur sem er í almennu sjö ára grunnnámi, en það er margfalt dýrara að styðja við stúlkur í framhaldsnámi sem eru sex ár til viðbótar. Oft á tíðum búa þær þá á heimavist. Áður en við getum gefið Rosette grænt ljós á það að taka inn nýjar stúlkur, þurfum við að meta hvað margar stúlkur við treystum okkur til að aðstoða á sitt hvoru skólastiginu séð út frá kostnaði bæði í dag og á næstu árum. Í dag er 21 stúlka í almennum skóla, það verða 17 stúlkur á næsta ári og 14 árið 2012.

Samkvæmt nýlegri skýrslu frá Rosette um Lánasjóðinn, kemur í fyrsta sinn í ljós að lánin úr honum hafa ekki verið að ganga að undanförmu sem skyldi. Einungis um helmingur stúlkanna sem höfðu fengið lán til ýmissa tækjakaupa höfðu greitt þau tilbaka eða 28 stúlkur af 53 stúlkum. Kanna þarf hvernig á þessu standi og skrifa til Rosette. Þetta verður að komast á hreint áður en við sendum þeim styrkinn sem okkur hlotnaðist frá AuðiCapital.

Fjármál

Þar sem gjaldkeri var ekki á staðnum var þessum lið frestað til næsta fundar.

Önnur mál

Miklar líkur eru á því að Zontraklúbburinn Embla greiði kr. 200.000,- fyrir barnagæsluna á CLF.

Með kveðju,
Sigurlaug Hauksdóttir